

# Nýjasta þróun norðlenskra og sunnlenskra framburðarafbrigða og viðhorf til þeirra

Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Stefanie Bade

Í fyrirlestrinum verður sagt frá forkönnunum og fyrstu niðurstöðum úr rannsóknarverkefninu *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma* sem styrkt er af Rannís 2023–2025. Sjónum er beint að fjórum framburðarafbrigðum, þ.e. (i) norðlensku harðmæli (*tapa* [tʰa:pʰa], *líka* [li:kʰa], *bíta*, [pi:tʰa]); (ii) norðlenskri röddun (*hempa* [hempʰa], *mennta* [mentʰa], *hjálpa* [çaulpʰa]); (iii) sunnlenskum *hv*-framburði (*hvalur* [xʷa:lʏr]/[xa:lʏr]) og (iv) skaftfellskur einhljóðaframburði (*bogi* [pɔ:jɪ], *magi*, [ma:jɪ]). Þátttakendur úr tveimur mismunandi aldurshópum, annars vegar fæddir 2000 og síðar og hins vegar fæddir 1933 eða fyrr, af Norðurlandi og Suðurlandi lásu texta og hlustuðu á upplestur þar sem viðkomandi framburðarbreytur komu við sögu og svöruðu spurningum, bæði um viðhorf til eigin framburðar og annarra svæðisbundinna framburðareinkenna. Einnig voru þátttakendur á svokölluðum hlutlausum svæðum, þar sem ekki var búist við staðbundnum framburðareinkennum, fengnir til að meta norðlenskan og sunnlenskan framburð og svara spurningum þar að lútandi.

Fyrstu niðurstöður úr hljóðgreiningu yngstu þátttakendanna benda til þess að norðlensk röddun og sunnlenskur *hv*-framburður séu á mjög miklu undanhaldi en að skaftfellskur einhljóðaframburður og einkum og sér í lagi norðlenskt harðmæli standi nokkuð traustum fótum á kjarnasvæðum sínum. Hvað viðhorf varðar, og hér er byggt á mun viðameiri gögnum, kemur í ljós að almennt telja þátttakendur upplestur sem ber einkenni norðlensks framburðar vera skýrari en upplestur sem ber engin slík einkenni. Eins kemur í ljós að þátttakendum af hlutlausum svæðum reynist auðveldara að þekkja og greina norðlensk framburðareinkenni en sunnlensk. Loks má nefna að norðlenskur framburður virðist nátengdari sjálfsmynd þátttakenda en annar svæðisbundinn framburður.

Þær niðurstöður sem hér er fjallað um og snúa að yngsta hópnum byggjast á netkönnun sem tæplega 900 manns tóku þátt í en gögnum um elsta hópinn, þ.e. fólk sem tók þátt í rannsókn Björns Guðfinnssonar á sínum tíma, var safnað með hefðbundinni upplestrar-, hlustunar- og viðtalsaðferð.